

um frv. til laga um Atvinnujöfnunarsjóð.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Með flutningi þessa frv. er fengin fram viðurkenning ríkisstjórnarinnar á því, að hlutur dreifbýlisins hafi verið og sé fyrir borð borinn með tilliti til þeirra vandamála og óleystu verkefna, sem þar er við að etja og hafa um langt skeið stutt að þeirri óheillaþróun, að æ stærri hluti þjóðarinnar hefur hnappast saman í höfuðborginni og næsta nágrenni hennar. Með frv. er það viðurkennt, að þörf sé sérstaks átaks af opinberri hálfu til þess að skapa landsbyggðinni bættu aðstöðu til fjármagnsöflunar, er yki á jafnræði hennar við þéttbýlissvæði SV-lands í atvinnulegum og menningarlegum efnum og að því er samgöngur snertir.

Að því leyti sem frv. þetta kemur til móts við framangreind sjónarmið með ráðgerðri sérstakri sjóðsstofnun, er ætlað sé það verkefni að veita lán og styrki til sköpunar fjölbreyttara atvinnulífs og til framkvæmda í samgöngu- og menningarmálum landsbyggðarinnar, verður að telja það til bóta frá núverandi skipan þessara mála. Á hinn bóginn er það skoðun undirritaðs, að frv. nái of skammt til þess að valda þeim verkefnum, sem brýn þörf er að leysa, ekki sízt er tillit er tekið til annarra samhliða aðgerða, sem ríkisstjórnin stendur fyrir og hljóta að verka í öfuga átt við hagsmuni landsbyggðarinnar og reynast henni þungar í skauti á margan hátt. Er í þeim efnum alkunnugt, hve harkalega sparifjárfrysting Seðlabankans bitnar á hinum fjármagnslitlu byggðarlögum í landinu, en hún nemur nú hundruðum milljóna króna, sem eru í eigu fólksins í dreifbýlinu, og dregur þessi sparifjárbinding stórkostlega úr framkvæmdaprótti þess. Í annan stað eru svo uppi ráðagerðir um stórfelldar iðjuframkvæmdir og rekstur erlends auðhrings í Stór-Reykjavík, sem öllum er ljóst, að m. a. muni halla mjög á atvinnulegt jafnvægi í landinu, en fjáröflun til hins fyrirhugaða atvinnujöfnunarsjóðs er í frv. að miklu gerð því háð, að hinn erlendi auðhringur hefji hér starfsemi, og úrbætur þær, sem frv. gerir ráð fyrir, tengdar rekstri hans á hinn óviðfelldnasta hátt.

Undirritaður telur því nauðsynlegt, að bæði stofnfé og tekjur hins fyrirhugaða atvinnujöfnunarsjóðs sé aukið mjög verulega frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, og þá ekki sízt til framkvæmda næstu árin, en frv. gerir ekki ráð fyrir, að tekjur sjóðsins aukist að marki fyrr en eftir 4—5 ár, og er auðsætt, að sú bið muni reynast mörgu byggðarlaginu lengri en svo, að við verði unað, ekki sízt ef stórfelldir erlends auðhrings verða einmitt á þeim tíma látnar raska stórlega umfram það, sem nú er, atvinnulegu og fjármálalegu jafnvægi í landinu. eru það raunar hrein firn, að frv. gerir ráð fyrir því, að svokölluðu stofnfé sjóðsins skuli haldið fyrir honum um árabíl, enda þótt það sé nú þegar handbært að verulegu leyti í vörzlu Seðlabankans. Þá telur undirritaður einnig, að tryggja beri atvinnujöfnunarsjóði viðunanlegar tekjur algerlega óháð því, hver skattþeningur hins erlenda alúminhrings kann að reynast, og að fella beri úr frv. öll tengsl hans við ráðagerðir um erlenda stóriðju.

Breytingartillögur undirritaðs, sem fluttar eru á sérstöku þskj., eru miðaðar við framangreint, en samkvæmt þeim yrði handbært fé sjóðsins nú þegar 158 millj. kr. auk þess, sem innheimtast kann af útistandandi fé Atvinnubótasjóðs, en samkv. frv. yrði handbært stofnfé í upphafi aðeins um 44 millj. kr. Árlegar tekjur hans yrðu síðan um 50 millj. kr. auk vaxta og hækkuðu eftir því, sem skatta- og tollatekjur færu vaxandi í framtíðinni, og ráðstöfunarfé hans næsta áratuginn yrði a. m. k. tvöfalt við það, sem frv. gerir ráð fyrir. Jafnframt fela brtt. það svo í sér, að framkvæmdafjármagn sjóðsins kæmi fyrr í gagnið og þjónaði þannig betur þeim markmiðum, sem keppa ber að í þeim efnum, sem hér um ræðir.

Undirritaður leggur því til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hann leggur til, og þeim breyt., sem fjárhagsnefnd stendur sameiginlega að.

Alþingi, 16. apríl 1966.

Björn Jónsson.